

Alþingi
Erindi nr. P 141/395
komudagur 7.11.2012

Reykjavík, 5. nóvember 2012

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
B.t. Allsherjar- og menntamálanefndar

Efni: Umsögn Félags framhaldsskólakennara, Kennarasambandi Íslands, um mál nr. 203, tillögu til þingsályktunar um heimspeki sem skyldufag í grunni- og framhaldsskólum.

Vísað er til beiðni nefndasviðs Alþingis fyrir hönd Allsherjar- og menntamálanefndar til Kennarasambands Íslands um umsögn um ofangreint sem barst með tölvupósti, dags. 29. október síðastliðinn.

Í þingsályktuninni er gerð tillaga um að Alþingi álykti að fela mennta- og menningarmálaráðherra að endurskoða aðalnámskrár grunnskóla og framhaldsskóla með það að markmiði að heimspeki verði skyldufag í grunnskólum og framhaldsskólum innan fjögurra ára.

Félag framhaldsskólakennara vísar í þessu sambandi til umsagnar sinnar til mennta- og menningarmálaráðherra um drög að nýrri aðalnámskrá fyrir framhaldsskóla, dags. 31. janúar 2011:

„Kí/framhaldsskóli leggur ríka áherslu á að nemendum bjóðist jafngilt og sambærilegt nám við það sem nú er og að stúdentspróf uppfylli kröfur háskóla um almenna menntun. Kí/framhaldsskóli gerir athugasemdir við hvernig nám til stúdentsprófs er framsett og telur nauðsynlegt að lykilhæfnipættir séu útfærðir á þann hátt að þeir myndi breiðari grunn til stúdentsprófs en kjarnagreinarin þrjár gera ráð fyrir. Að mati Kí/framhaldsskóla er kjarni náms til stúdentsprófs í lögnum of lítill. Í umsögn um frumvarp framhaldsskólalaganna lagði Kí til að í stað 45 eininga kjarna yrði miðað við tiltekna lykilfærniþætti í námi á öllum námsbrautum (byggt á tillögum ESB og OECD) svo sem í móðurmáli, erlendum tungumálum, stærðfræði, raungreinum, tjáningu, samskiptum og upplýsingatækni, um samfélagið í nútíð og fortíð og tengsl þess við umheiminn. Það er enn skoðun Kí/framhaldsskóla að málum væri betur komið með þessum hætti en með litlum kjarna.“

Í ofangreindri umsögn félagsins kemur fram sú skoðun að kjarni náms til stúdentsprófs sé of lítill og að nemendur þurfi að hafa breiðari þekkingargrunn en framhaldsskólalög og almennur hluti aðalnámskrár fyrir framhaldsskóla gera ráð fyrir varðandi kjarnagreinar í námi nemenda, svo sem haldgöða þekkingu á samfélaginu í nútíð og fortíð og tengslum þess við umheiminn.

Félagið er sömu skoðunar.

Virðingarfyllt

F. h. Félags framhaldsskólakennara


Aðalheiður Steingrimsdóttir formáður